

AUGLÝSING

um bann við innflutningi á samlokum (bivalve molluscs) sem eru upprunnar frá Perú eða eru fluttar út þaðan.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á samlokum sem eru upprunnar frá Perú eða eru fluttar þaðan og ætlaðar eru til manneldis. Um skilgreiningu á samloku fer skv. tölulið 2.1. í viðauka I í reglugerð (EB) nr. 853/2004, sbr. reglugerð nr. 104/2010.

2. gr.

Bannað er að flytja til landsins samlokur skv. 1. gr.

3. gr.

Þrátt fyrir bann skv. 2. gr. er heimilt að flytja inn eftirfarandi afurðir:

- (a) hreinsaðir diskar (Pectinidae), sem fiskeldisafurð, þar sem innyfli hafa verið fjarlægð;
- (b) samlokur sem hafa verið hitameðhöndlaðar í samræmi við tölulið A.5(b) í kafla II, þætti VII í viðauka III í reglugerð (EB) nr. 853/2004, sbr. reglugerð nr. 104/2010.

4. gr.

Allur kostnaður við eftirlit, rannsóknir og förgun samkvæmt auglýsingu þessari skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

5. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem auglýsing þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

6. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995, með því að ákvæðum þessarar auglýsingar sé fylgt.

7. gr.

Um valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli og ákvæðum laga nr. 55/1998 um sjávarafurðir.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 27. gr. b., 28. og 29. gr., sbr. 31. gr. a. laga nr. 93/1995, um matvæli og 5. gr. og 24. gr. laga nr. 55/1998, um sjávarafurðir og með hliðsjón af ákvörðunum 2008/866/EB, 2009/297/EB, 2009/862/EB og 2010/641/EB.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 18. mars 2011.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.